

BORGARRÁÐ 20. janúar 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um endurskoðun á málefnum SORPU bs. – MSS22010235

GAJA, gas- og jarðgerðarstöð er ónothæf og óljóst hvenær hún opni aftur. SORPA hefur tapað málaferlum við byggingarverktaka upp á 90 milljónir, hækkað gjaldskrána úr öllu hófi og þurft að greiða fyrrum framkvæmdastjóra háar skaðabætur. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til stjórnarformaður sem nú er fulltrúi Reykjavíkurborgar sé valinn að nýju og fenginn verði aðili sem hafi til þess bæra sérmenntun/þekkingu af málefnum og verkefnum SORPU sem og langvarandi reynslu og umfram allt skilning á þessum málum. Finna þarf aðila sem kann að hlusta á ráðleggingar annarra, varnaðarorð ef því er að skipta og hafi þá gæfu til að bera að sækja þekkingu sem er til staðar meðal annarra þjóða sem ýmist hafa verið farsæl í þessum málum eða hafa þurft að súpa seyðið af mistökum. Af mistökum annarra má allt eins læra eins og af eigin mistökum. Hjá SORPU hefur verið gerð röð mistaka sem koma nú illilega niður á borgarbúum. Vert er að skoða að Reykjavíkurborg stígi út úr samkeppnisrekstri sem þessum og bjóði hann þess í stað út. Ekki er að sjá að þessi rekstur gangi vel og sé íbúum Reykjavíkur hagkvæmur, undir stjórn bs.-kerfisins.